



# **Naustaskóli**

## **Starfsáætlun 2.- 3. bekkjar fyrir veturinn 2017-2018**

**Elín Hulda Einarsdóttir**  
**Erla Hrund Friðfinnsdóttir**  
**Gréta Björk Halldórsdóttir**  
**Hulda Davíðsdóttir**  
**Karen Dögg Gunnarsdóttir**  
**Kristín Sigurðardóttir**  
**Sigríður Jóna Ingólfssdóttir**

## Efnisyfirlit

Námsumhverfi/skipulag .....	2
Námsgreinar .....	3
Námsgreinar .....	3
Jákvæður agi / bekkjarfundir .....	4
Þemu .....	4
Útikennsla .....	4
Upplýsingatækni .....	4
Áhugasviðsvinna .....	4
Vettvangsferðir .....	5
Uppákomur .....	5
Aðalnámskrá grunnskóla .....	5
Námsmat .....	6
Námsmöppur .....	6
Námsmat .....	6
Nemendasamtöl .....	7
Foreldrasamstarf .....	7
Teymisvinnan .....	7
Fylgiskjal .....	9
Ársáætlun veturinn 2017-2018 .....	0

## Starfsáætlun 2.-3. bekkjar fyrir veturinn 2017-2018

### Námsumhverfi/skipulag

Nemendur verða 81 í vetur, umsjónarhópar verða fjórir og skiptast nokkuð jafnt á milli umsjónarkennaranna fjögurra. Reynt er að hafa hlutfall kynja eins jafnt í hópum og kostur er sem og fjölda nemenda milli bekkja. Við njótum starfskrafta stoðkennara í vetur sem og tveggja stuðningsfulltrúa.

Nemendahópnum er skipt upp í A og B hóp og fylgjast hóparnir að í smiðjur, íþróttir og sundi. Í hvorum hóp eru 2 umsjónarkennarar og einn stuðningsfulltrúi. Stoðkennari vinnur með báðum hópum og nýtist fyrir allan nemendahópinn í heild sem og til skiptis með hóp A og hóp B. 2. bekkur er í sundi á þriðjudögum og er skipt niður í fjóra hópa. 3. bekkur er í sundi á miðvikudögum og er einnig skipt niður í fjóra hópa. Íþróttir eru kenndar á fimmtudögum og föstudögum. A hópur er í smiðjutíma á þriðjudögum og föstudögum en B hópur á mánudögum og föstudögum. Í smiðjum er hóparnir aldurs og kynjaskiptir.

Íþrótt-, list- og verkgreinakennarar sjá um kennslu í sundi, íþróttum og smiðjum, sem eru; myndlist, smíðar, textílmennt og tónmennt. Önnur fög kenna umsjónarkennarar 2.-3. bekkjar.

Hópaskiptingar verða með fjölbreyttu sniði í vetur, allt eftir viðfangsefni og hvernig námsaðlögun verður háttáð hverju sinni. Kennslufyrirkomulag verður margþætt og fer það einnig eftir viðfangsefni hverju sinni. Nemendur munu vinna í fjölbreyttum hópum og reynt verður að taka tillit til félagstengsla nemenda eins og mögulegt er.

Námsumhverfið verður þannig að börnin hafi sem mesta möguleika á að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og geti á auðveldan hátt nálgast þau hjálpargögn og efni sem þau þarfnast hverju sinni. Lögð verður áhersla á lestrarhvetjandi umhverfi og lítil og stærri vinnusvæði þar sem hægt er að vinna að fjölbreyttum verkefnum.

Námsmarkmið verða kynnt nemendum hverju sinni eins og kostur er og höfð sýnileg inni á svæðum. Verk verða hengd upp í hæð nemenda eins og svæðið leyfir og tilefni gefst til. Áhersla verður á að endurnýja þau verkefni sem eru til sýnis, í takt við þema hverju sinni.

Viðvera kennara í skólanum verður frá klukkan 08:00 til 16:00 alla virka daga nema föstudaga og þá til 14:30. Kenndir verða 30 tímar á viku, kennsla hefst 08:10 og lýkur klukkan 13:00.

## 2.-3. bekkur starfsáætlun 2017-2018

Umsjónarkennarar í 100% starfi kenna að meðaltali 26 tíma á viku, einn umsjónarkennari verður í 80 % stöðu og kennir 21 kennslustund á viku. Stoðkennari verður umsjónarkennurum til aðstoðar og ráðgjafar við aðlögun, framsetningu námsefnis og mótun námsumhverfis. Þá mun hann ásamt umsjónarkennurum hafa yfirsýn yfir nám, aðstæður og námsgögn nemenda. Einnig njóta umsjónarkennarar aðstoðar tveggja stuðningsfulltrúa. Frímínútur verða 20 mínútur að morgni og hádegismatur ásamt frímínútum spannar 30 mínútur samtals.

Kennsluhættir verða fjölbreyttir, athafnamiðaðir og sveigjanlegir, unnið verður eftir aðferðum Byrjendalæsis þar sem nemendur læra að lesa/auka lestrarfærni út frá merkingarbærum textum. Lögð verður áhersla á talmál, ýmsa textavinnu, samband stafs og hljóðs, reynslu nemenda o.fl. Einnig er mikil áhersla á lesskilning, ritun og orðaforða. Lögð verður áhersla á að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og að þeir geti yfirfært viðfangsefnin á daglegt líf. Unnið verður í hringekjum og stöðvum í minni og stærri hópum. Lögð verður áhersla á athafnamiðað nám eins og kostur gefst og sveigjanlega kennsluhætti þar sem nemendur vinna á mismunandi stöðum eftir þörfum á því svæði sem í boði verður hverju sinni. Viðfangsefnin verða af margvíslegum toga, bæði athafnamiðuð og bókleg. Reynt verður eftir bestu getu að beita einstaklingsmiðaðri kennslu þar sem sérstaða einstaklingsins innan nemendahópsins er íhuguð samhliða því að taka mið af því sem nemendur eiga sameiginlegt.

Unnið verður eftir ársáætlun veturinn 2017-2018. Byrjendalæsisáætlanir verða settar beint inn í námsáætlanir fyrir hvert tímabil fyrir sig og verða unnar út frá ársáætlun. Ársáætlunina má sjá aftast í þessu skjali. Ársáætlun gefur foreldrum sýn á hvaða viðfangsefni/þemu/markmið er unnið með hverju sinni. Í föstudagspóstum verða yfirmarkmið námsáætlana birt jafnóðum.

## **Námsgreinar**

### **Námsgreinar**

Þær námsgreinar sem kenndar verða af umsjónarkennurum í 2. og 3. bekk eru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni. Íþróttir, sund og smíðjur sjá aðrir kennarar skólans um.

### **Jákvæður agi / bekkjarfundir**

Jákvæður agi er agastefna Naustaskóla. Verður hann nýttur í allri vinnu með nemendum. Unnið verður eftir sérstakri námsáætlun með jákvæðan aga. Bekkjarfundir verða í hverri viku þar sem nemendur þjálfast í að vinna eftir jákvæðum aga, kynnast verkfærum jákvæðs aga og fá þjálfun í að æfa ýmsa þætti tengda jákvæðum aga.

### **Þemu**

Þemu verða fléttuð inn í Námsáætlanir okkar. Þau þemu sem við vinnum með í vetur eru eftirfarandi, í tímaröð;

- Samvinnuþema/vináttu og samskipti
- Landnámið og störf áður fyrr og nú
- Ýmsar þjóðsögur og ljóð/ álfar og tröll, desember
- Árshátíðarþema
- Eyjafjörður – grenndarkennsla, fjallapema

Nákvæmari tímasetningar á þemu og innlögnum tengdum þeim koma fram í árs- og námsáætlunum 2017-2018.

### **Útikennsla**

Í vetur munum við tengja námið út fyrir veggi skólans þegar við á. Við munum nýta okkur haustið og vorið til útiveru. Einnig munum við fara út þegar við á í þemunum.

### **Upplýsingatækni**

Við komum til með að nota tölvuver okkar eins og kostur er og kenna nemendum undirstöðuatriði í umgengni og vinnu við tölvur. Tölvurnar verða samnýttar með nemendum 1. bekkjar. Áhersla okkar er sú að nemendur 2.- 3. bekkjar geti nýtt sér tölvuvinnu til gagns og ánægju s.s. til lesturs, hlustunar og ritunar. Einnig munum við leggja áherslu á að nýta tölvur og upplýsingatækni í annarri kennslu.

### **Áhugasviðsvinna**

Leitast er við að gefa nemendum kost á að vinna einhver verkefni tengd sínum áhugasviðum. Áhersla er lögð á að nemendur efli sínar sterku hliðar og fái tækifæri til að vinna með áhugasvið sitt eins og best verður á kosið. Áhugahvötin er mikilvæg nemendum til góðra verka.

### **Vettvangsferðir**

Farið verður í nokkrar vettvangsferðir á skólaárinu, verða þær tengdar því þema sem unnið verður með hverju sinni, m.a. er stefnt að eftirfarandi ferðum:

- Nokkrar ferðir í Naustaborgir. Viðfangsefni og markmið verða tengdar þeimum hverju sinni.
- Útivistardagar kalla í einhverjum tilfellum á vettvangsferðir s.s. ferð í Hlíðarfjall, Kjarnaskóg, Hamra og Naustaborgir.
- Skautafélag Akureyrar býður okkur 4 sinnum í vetur í skautakennslu
- Fyrirtæki, söfn o.s.frv. út í bæ verða jafnvel heimsótt.
- Nærumhverfið okkar verður skoðað vel út frá sjónarmiði grenndarkennslu.

### **Uppákomur**

Uppákomur geta verið ákveðnar með stuttum fyrirvara en þær uppkomur sem ákveðnar eru nú eru m.a.:

- Stefnt er að því að nemendur bjóði foreldrum sínum í heimsókn í skólann þar sem nemendur sýna afrakstur vinnu sinnar.
- Árshátíð skólans verður haldin 22. Og 23. mars þar sem 2. og 3. bekkur treður upp með skemmtilegu atriði.

### **Aðalnámskrá grunnskóla**

Unnið verður eftir Aðalnámskrá grunnskóla. Verða grunnþættir menntunar sem birtast í Aðalnámskrá grunnskóla hafðir þar til hliðsjónar og fléttaðir inn í námsáætlanir okkar yfir veturinn þannig að hver þáttur fái pláss í náminu. Þar sem grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru, framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif í samfélaginu þá er tiltölulega auðvelt að flétta þá inn í starfið okkar. Einnig verður tekið tillit til lykilhæfnipátta nemenda við gerð námsáætlana og kennsluaðferðir miðaðar að því að þjálfa lykilhæfni þeirra.

## Námsmat

### Námsmöppur

Námsmöppur verða sendar heim með börnunum fjórum sinnum yfir skólaárið. Tvisvar sinnum fyrir áramót og tvisvar eftir áramót. Þau gögn sem fara í möppurnar verða m.a. kannanir, fjölbreytt sýnishorn af verkefnavinnu nemenda, bæði úr þeim og námsgreinum, sjálfsmat, líðankönnun o.fl. Möppuna eiga nemendur og foreldrar að nýta sér sem samræðugrundvöll um nám barnsins.

Möppurnar sýna einhverskonar þverskurð af námi þar sem ákveðnir þættir eru teknir fyrir í Byrjendalæsi og stærðfræði og gefa glögga mynd af þróun náms hjá nemendum yfir veturinn. Hafa ber í huga að bæði Byrjendalæsisverkefni og stærðfræðiverkefni geta einnig verið lífsleikni, náttúru- og samfélagsfræðiverkefni. Skipulag á möppunum getur einnig breyst lítillega.

### Námsmat

Við ætlum að nota fjölbreyttar leiðir til að meta stöðu nemenda og flétta námsmat saman við námsferli nemenda og líta á markmið, kennslu og námsmat sem eina heild. Við notum m.a. námsmöppur barnanna til að meta þróun og stöðu náms hjá nemendum. Einnig verður notast við símat og leiðsagnarmat sem fer fram meðan á kennslu stendur og niðurstöður svo nýttar í þeim tilgangi að læra af þeim, þar sem reglulega verður fylgst með vinnu nemenda og hún skráð niður. Að auki verður námsmatið m.a. byggt á;

- Símati
- Leiðsagnarmati
- Skriflegum og munnlegum könnunum
- Sjálfsmati
- Félagamati
- Læsis könnunum í 2. bekk
- Lesskilningsprófum (Orðrún)
- Hraðlestrarprófum
- Skráð verður í markmiðalista á Mentor jarnt og þétt yfir veturinn hvaða markmiðum börnin hafa náð og eru þeir sýnilegir foreldrum.

### **Nemendasamtöl**

Stefnt er að því að taka skipulögð nemendasamtöl eins og kostur er þar sem hver nemandi er spurður persónulega út í líðan hans og upplifun í skólastarfinu. Hver nemandi fær að minnsta kosti eitt nemendasamtal á hverri önn og skráning mun fara fram á mentor um það að viðtalið hafi átt sér stað.

### **Foreldrasamstarf**

Að hausti er morgunfundur fyrir foreldra þar sem námsefni, starf og markmið vetrarins verður kynnt.

Foreldrasamtöl haustannar verða 26. október Þá koma foreldrar með börnin sín í samtal við umsjónarkennara þar sem áhersla er lögð á líðan og félagstengsl nemenda. Á vorönn skólaársins þ.e. 25. - 26. janúar eru einnig foreldrasamtöl þar sem farið verður yfir námsframvindu nemenda og þeim gefnar leiðbeiningar um framhaldið.

Foreldrar eru beðnir um að vera duglegir að óska eftir samtölum ef þeim liggur eitthvað á hjarta eða vilja nánari upplýsingar varðandi nám barnsins eða skólastarfið. Einnig hvetjum við foreldra til að koma í heimsókn á skólatíma og fylgjast með námi og líðan barna sinna í skólanum.

Mikið verður notast við tölvupóstsamskipti milli foreldra og kennara eftir þörfum. Stefnt er að því að halda formlegt foreldraboð í lok ákveðins þema þar sem nemendur sýna afrakstur vinnu sinnar. Foreldrum er boðið á árshátíð skólans eins og segir hér að framan til að horfa á sýningu barna sinna.

Í námsmöppum barnanna hafa foreldrar tækifæri til að koma álitinu sínu á framfæri varðandi skólastarfið á sérstöku blaði og er það hugsað bæði sem punktar til okkar kennaranna og starfsfólksins sem og hvatning eða ábendingar til nemenda.

Fréttabréf/föstudagspóstur verður sent/sendur einu sinni í viku til foreldra þar sem farið er yfir hvernig liðin vika gekk og upplýsingar birtar um helstu áhersluþætti vikunnar á eftir. Þar koma þeir þættir fram sem unnið verður með í komandi viku. Einnig verða sendir póstar til foreldra til áminningar um viðburði og uppbrot í skólastarfinu.

### **Teymisvinnan**

Á miðvikudögum er teymisfundur þar sem Aðalheiður deildarstjóri er með teyminu. Á þessum fundum fer fram fagleg umræða um nám og kennslu, samstarf og lausnir. Einnig förum við yfir ýmis nemendamál sem og trúnaðarmál teymismeðlima. Á



## 2.-3. bekkur starfsáætlun 2017-2018

fimmtudögum er skipulagsfundur teymissins þar sem teymið fer sameiginlega yfir skipulag næstu vikna. Sérstakir nemendafundir eru haldnir í hverju teymi fyrir sig einu sinni í viku og er stoðkennari með á þeim fundum.

Hlutverkaskipting er innan teymissins, hlutverkin verða nokkur þ.á.m. ritari funda, formaður teymis og ritari upplýsingapósta.

Markmið teymissins er að allir teymismeðlimir fái notið sín með tilliti til veik- og styrkleika hvers og eins. Við ætlum að styðja hvert við annað eins og þörf er.

# Fylgiskjal

## Ársáætlun veturinn 2017-2018

Ársáætlun: 2017-2018		Bekkur: 2.-3. bekkur		Kennarar: GBH, EHE, SJI, KS.	
	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
Samffr./Náttúrufr.	Samvinnuþema/vinátta og samskipti	Samvinnuþema / vinátta og samskipti	Heilbrigði og hollusta	Landnámið og störf áður fyrr og nú	Þjóðsagnahefð tengd desembermánuði. Ljóð/álfra og tröll. Krakkakvæði e. Böðvar Guðmunds Jólasveinavísur 10 litlir jólasveinar skíðaferðin
Íslenska	<b>Hjálparhendur</b>  Samskiptareglur; hlusta, skiptast á, fara eftir fyrirmælum og tjá sig frammi fyrir hóp	<b>Hjálparhendur Græni gaukurinn</b>  Samskiptareglur; hlusta, skiptast á, fara eftir fyrirmælum og tjá sig frammi fyrir hóp, Skrift – stafráttur, skriftarátt o.fl., Andheiti og samheiti. Raddlestur	<b>Nammigrísinn Komdu og skoðaðu;</b>  Stafrófið, lestur og lestrarmerki, efnisgrein, tvöfaldir samhljóðar, skrift, stafráttur, skriftarátt, andheiti, samheiti, p, d, b	<b>Komdu og skoðaðu; íslenska Þjóðhætti/Landnámið</b>  Stafrófið, lestur og lestrarmerki, efnisgrein, tvöfaldir samhljóðar, sérnöfn og samnöfn, andheiti/samheiti	<b>Jólabækur</b>  GVL – spá fyrir um efni út frá mynd/bókarkápu og spá fyrir um framhald, rím og vísur
Lestur	HEIMALESTUR	Atkvæðapróf – allir HEIMALESTUR	Orðrún 3. bekkur 1. próf tveir hlutar. HEIMALESTUR	Læsi 2. bekkur 1. hefti (Atkvæðapróf – allir) HEIMALESTUR	HEIMALESTUR
Stærðfræði	<b>2. bekkur Námsáætlun 1</b> -Kynning á hjálpargögnum -Tölur og talnaskilningur 0-200	<b>2. bekkur Námsáætlun 1</b> -Tölur og talnaskilningur 0-200 -Sléttar- og oddatölur	<b>2. bekkur Námsáætlun 1</b> -Tölur og talnaskilningur 0-200 -Sléttar- og oddatölur Tugur og eining/peningar	<b>2. bekkur Námsáætlun 2</b> -Frádráttur / samlagning, uppsetning dæma, -Tvöfaldur / helmingur	<b>2. bekkur Námsáætlun 2</b> -Frádráttur / samlagning, uppsetning dæma, -Tvöfaldur / helmingur

2.-3. bekkur starfsáætlun 2017-2018

	<p><b>3. bekkur</b>  <b>Stöðumat</b>  <b>Námsáætlun 1</b>  Tölur og talnaskilningur 0-1000</p>	<p>-Tugur og eining/peningar  -Jafnt og, minna en og meira en  <b>3. bekkur</b>  <b>Námsáætlun 1-2</b>  Tölur og talnaskilningur 0-1000  -hundrað og þúsund  -mynstur og talnamynstur</p>	<p>Jafnt og, minna en og meira en  <b>3. bekkur</b>  <b>Námsáætlun 2</b>  -Tölur og talnaskilningur: 0-1000  -Samlagning og frádráttur reikniaðgerðirnar að geyma og taka til láns, talnalína  - óþekkt stærð.</p>	<p><b>3. bekkur</b>  <b>Námsáætlun 3 - 4</b>  -Námundun  -Peningar  -Samlagning og frádráttur reikniaðgerðirnar að geyma og taka til láns, talnalína  -óþekkt stærð</p>	<p><b>3. bekkur</b>  <b>Námsáætlun 5</b>  Stærðfræði umræða, Súlurit og gröf, hnit, og myndrit</p>
Íþróttir					
Verkgreinar	<u>Heimilisfræði:</u>	<u>Tónmennt:</u>	<u>Smíðar:</u>	<u>Myndmennt:</u>	<u>Textílmennt:</u>
Jákvæður agi	Jarðvegurinn undirbúinn	Bekkjarsáttmáli. Hlutverkin í bekknum. Við ákváðum. Að mynda hring.	Sjálfsstjórn. - Að hafa heilann í hendi sér -Griðarstaður -Tilfinningahjól	Samskiptafærni. -Ég boð -Það pirrar mig-Ég vildi óska -Lausnahjól -Hvað gerum við ef við gerum mistök V-A-L	Samskiptafærni frh

2.-3. bekkur starfsáætlun 2017-2018

Ársáætlun 2015-2016		Bekkur: 2.-3. bekkur			Kennarar: BB, EHE, JH, KS, LP, SA,	
	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	
Samffr./Náttúrufr.	Ýmsar þjóðsögur og ljóð / álfar og tröll	Árshátíðarþema	Árshátíðarþema	Eyjafjörður-grenndarkennsla Fjallapema	Eyjafjörður-grenndarkennsla Fjallapema	
Íslenska	Námsmat  Trölla og álfabækur GVL – spyr og svarar spurningum úr texta, spáir fyrir um efni út frá mynd/bókarkápu og um framhald sögu, hljóðgreining , -ng / -nk og –fl / -fn	Skrift og ritun, einfaldur texti s.s. sögur, vísur, punktur, komma, spurningamerki, upplestur, upprifjun p, d, b,	Páskavinna  Byrjendalæsisþemu Hugtakakort um þekkt efni, getur flokkað aðalatriði og aukatriði úr texta, GVL	Andheiti og samheiti, sérnöfn og samnöfn, getur nýtt stafrófið við vinnu, þekkir málsgrein (stór stafur og punktur)	Námsmat  Upprifjun og námsmat.	
Lestur	HEIMALESTUR	Atkvæðapróf Læsi skimunarpróf 2. bekkur HEIMALESTUR	Orðrún 3. Bekkur 2. próf, tveir hlutar HEIMLESTUR	Lesmál skimunarpróf 2. bekkur HEIMALESTUR	Atkvæðapróf HEIMALESTUR	
Stærðfræði	<b>2. bekkur Námsáætlun 3</b> -Töflur og gröf  <b>3. bekkur Námsáætlun 6</b> -Margföldun og deiling	<b>2. bekkur Námsáætlun 4</b> -Klukkan (heill og hálfur tími á skífuklukkan). -Mælingar -Flatarmál <b>3. bekkur Námsáætlun 7-9</b> -Klukkan, skífu- og tölvuúr -Mælingar og vigtun -Rúmfræði -Speglun	<b>2. bekkur Námsáætlun 5</b> -Rúmfræði: Form; tví og þrívíddarform, horn, fletir og brúnir. Stærðfræðihugtök og mynstur í umhverfinu. -Speglun  <b>3. bekkur Námsáætlun 10-11</b> -Almenn brot og tugabrot -Þrautir,	Endurinnlagir	Upprifjun - Námsmat	

2.-3. bekkur starfsáætlun 2017-2018

Íþróttir					
Verkgreinar					
Jákvæður agi	Bekkjarsáttmáli (upprifjun). Að virða fjölbreytileikann. -Þetta er ósanngjarnt -settu þig í mín spor -Kalli krumpaði	Bekkjarfundir mál á dagskrá Hvatning	Að æfa hrós og þakkir. Lausnaleit -Fjórar hugmyndir af lausnaleit(144)	Rútínur. Sjálfsstjórn.	Upprifjun

2.-3. bekkur starfsáætlun 2017-2018